

**Nr. 039 / 09 Ósk KE 5*****Fær veiðarfæri í skrúfunu***

Skipaskr.nr. 1855  
Smíðaður: Gdansk Póllandi 1988, stál  
Stærð: 85,5 brl. 113 bt.  
Mesta lengd: 25,94 m Skráð lengd: 23,18 m  
Breidd: 6 m Dýpt: 3 m  
Vél: Caterpillar 459 kW, 1987  
Fjöldi skipverja: 6

**Gögn:**  
Gögn RNS



Ósk ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 15. apríl 2009 var Ósk KE 5 á netaveiðum um 30 sml vestur af Sandgerði. Veður: A - golukaldi

Skipverjar voru hálfnaðir við að taka fyrstu trossu þegar flotteinninn og riðill fóru í skrúfunu. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð kafara með björgunarskipinu Hannesi Þ. Hafstein sem dró skipið nær landi áður en skorið var úr skrúfunni. Þegar því var lokið hélt báturinn áfram veiðum.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipstjórinn taldi að vegna mikils afla í trossunni hafi flotteinninn ásamt neti náð að fljóta upp og undir skipið.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð og gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.